



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 26. febrúar 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Undirbúningur hitaveituframkvæmda

a. Minnisblað um samstarfsfund með RARIK

Fyrir fundinum lá minnisblað vegna fundar með fulltrúum RARIK sem haldinn var 12. febrúar sl. Á fundinum var farið yfir helstu mál sem varða samstarf sveitarfélagsins og RARIK um lagningu hitaveitunnar til Skagastrandar.

b. Samþykkt um stuðning

Fyrir fundinum lá tillag að samþykkt um stuðning við húseigendur vegna hitaveitu sem áður var á dagskrá fundar 23. janúar sl. Þar sem gerðar höfðu verið breytingar á samþykktinni umfram það sem rætt var á þeim fundi var hún lögð fyrir sveitarstjórn að nýju. Sveitarstjórn yfirfór tillöguna og samþykkti hana með áorðnum breytingum.

c. Samantekt um hönnunarkröfur

Fyrir fundinum lá samantekt um hönnunarkröfur sem byggingarfulltrúi gerir vegna þeirra húsa sem þar sem sett verða upp ný hitakerfi vegna hitaveituvæðingar í sveitarfélaginu. Hönnunarkröfurnar höfðu verið kynntar á fundi skipulags- og byggingarnefndar 25. febr. sl. Ekki voru gerðar athugasemdir við hönnunarkröfurnar.

d. Samningur við Mílu

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Mílu um lagningu ljósleiðara á Skagaströnd. Samningurinn er milli sveitarfélagsins og Mílu og gerir ráð fyrir að ljósleiðari verði lagður samhliða lagningu dreifikerfis hitaveitu um Skagaströnd. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög með þeim skýringum sem þeim fylgdu og fól sveitarstjóra og oddvita að ganga frá samningnum.

e. Framkvæmdir í eignum sveitarfélagsins

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hvernig gangi breytingar á eignum sveitarfélagsins vegna pípulagna og breytinga sem hitaveituvæðing leiðir af sér. Fram kom að gerður hafi verið samningur við Vélaverkstæði Skagastrandar um lagnir í leikskólann Barnaból, þeim sé lokið að öðru leyti en því sem þarf að gera þegar hitaveita verður tengd. Framkvæmdir í Túnbraut 5 séu í samningaferli og gert ráð fyrir að framkvæmdum þar og í Túnbraut 9 verði lokið í mars. Umræður urðu um breytingar á eignum sveitarfélagsins almennt.



2. Framkvæmdir í Fellsborg

Fyrir fundinum lágu uppdrættir af mögulegum breytingum á salernisaðstöðu í félagsheimilinu Fellsborg sem Ágúst Hafsteinsson hjá Arkitektastofunni Form hafði unnið. Einnig lá fyrir fundinum tillaga að því að breyta hluta af rými í vesturherbergi í snyrtingu fyrir fatlaða. Samþykkt að óska eftir kostnaðaráætlun á verkið.

3. Gjaldskrár

Fyrir voru teknar gjaldskrár eftirfarandi stofnana og deilda:

- a. Leikskólans Barnabóls
- b. Húsnæðis Höfðaskóla og skólamáltíða.
- c. Gatnagerðagjalda.
- d. Vatnsveitu.
- e. Bjarmanesi.
- f. Bókasafns Skagastrandar.
- g. Skagastrandarhafnar.

Framangreindar gjaldskrár voru samþykktar. (Gjaldskrá Skagastrandarhafnar var til afgreiðslu á fundi hafnarnefndar 25.02.2013, fundargerðin til afgreiðslu undir lið 1. b.)

4. Ráðningarbréf endurskoðanda

Fyrir fundinum lá ráðningarbréf við endurskoðunarfyrirtækið ENOR ehf. þar sem kveðið er á um að ENOR ehf taki að sér endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2012 og settir fram þeir skilmálar um endurskoðunina og störf fyrir sveitarfélagið og gerð grein fyrir ábyrgð endurskoðanda og stjórnenda sveitarfélagsins í tengslum við endurskoðunina.

Sveitarstjórn staðfesti ráðningarbréfið.

5. Dagskrá Skotlandsferðar

Fyrir fundinum lágu drög að dagskrá ferðar sem SSNV og Samtök atvinnulífsins hafa skipulagt til Skotlands dagana 7.-11. apríl 2013. Meðfylgjandi var einnig yfirlit um áætlaðan kostnað við ferðina. Fram kom að fjórir hafa bókað sig í ferðina frá sveitarfélaginu.

6. Íbúáþing

Fyrir fundinum lá fundargerð vinnufundar sem haldinn var 7. febrúar um fyrirhugað íbúáþing. Niðurstaða vinnufundarins var að leggja til að íbúafundur verði haldinn 7. mars nk. kl 18.00 - 22.00. Gert er ráð fyrir að íbúáþinginu verði stillt upp og stjórnað af starfsmönnum SSNV. Sveitarstjórn staðfesti tímasetningu og grunngerð íbúáþingsins.



7. Bréf:

a. Växjö kommun dags. 11. febrúar 2013

Með bréfinu er boðið til þátttöku í tónleikum í Växjö. Tónleikarnir munu byggja á tónverkum Benny Andersson sem var einn af meðlimum ABBA hljómsveitarinnar á sínum tíma. Tónleikarnir verða haldnir 18. maí 2014. og býðst söngvurum eða kórum vinabæjanna að taka þátt í dagskránni. Samþykkt að senda bréfið til kirkjukórsins til kynningar.

b. Velferðarráðuneytisins, dags. 14. febrúar 2013

Með bréfinu kynnir ráðuneytið verkefnið „Sendiherrar sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“. Ráðuneytið bendir einnig á að sveitarfélög geti fengið fulltrúa verkefnisins í heimsókn til að kynna og fræða um réttindi fatlaðs fólks. Erindinu vísað til Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

c. Símanns, dags. 6. febrúar 2013

Með bréfinu kynnir Síminn áform sín um að setja upp svokallað Ljósnet á 53 stöðum á landinu og gerð grein fyrir tæknilegum lausnum og þeirri þjónustuaukningu sem í ljósnetinu felst. Í umræðu kom fram að þar sem lagning ljósleiðara sé í vinnslu komi ekki til þess að „ljósnetið“ verði tekið upp á Skagaströnd enda sé ljósleiðarinn talin betri lausn fyrir notendur.

Bréfið var til kynningar.

d. Eyðibýli á Íslandi, áhugamannfélags, dags. 15. febrúar 2013

Með bréfinu er gerð grein fyrir skráningu og rannsóknnum á eyðibýlum á Íslandi og sótt um stuðning við verkefnið til að mæta hluta kostnaðar rannsakenda í sveitarfélaginu. Fram kemur að annars konar stuðningur sé jafnframt vel þeginn svo sem ábendingar um aðila heima í héraði sem gætu veitt upplýsingar um jarðir og býli. Afgreiðslu málsins frestað og ákveðið að afla frekari upplýsinga.

e. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. febrúar 2013

Með bréfinu er kynnt ákvörðun stjórnar sambandsins um að halda XXVII landsþing sambandsins föstudaginn 15. mars 2013 að Grand hóteli í Reykjavík og að ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga verði haldinn á sama stað að loknu ársþingi.

Bréfið var til kynningar.

f. Forvarnarbókarinnar, dags. 8. febrúar 2013

Með bréfinu er óskað eftir styrk til útgáfu bókarinnar.

Samþykkt að leggja 15.000 kr. í verkefnið.



- g. UMFÍ, um landsmót 50+ árið 2015, dags. 7. febrúar 2013

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2015

Bréfið var til kynningar.

- h. UMFÍ, um 19. Unglingalandsmót árið 2016, dags. 7. febrúar 2013

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2016

Bréfið var til kynningar.

- i. UMFÍ, um landsmót UMFÍ árin 2017 og 2021, dags. 7. febrúar 2013

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd Landsmóts UMFÍ 2017 og 2021.

Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

- a. Skipulags- og byggingarnefndar 25.02.20103

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu nefndarinnar í eftirtöldum liðum:

1. Framkvæmdaleyfi fyrir dreifikerfi hitaveitu.
2. Tillögu að breytingu á aðalskipulagi.
3. Staðfestingu lóðamarka
4. Framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

- b. Hafnarnefndar, 25.02.2013

Sveitarstjórn staðfesti eftirtalda liði fundargerðarinnar.

2. Erindisbréf hafnarvarðar
3. Gjaldskrá sbr. 3. lið þessa fundar.
4. b. Bréf Sigurðar Áss Grétarssonar, forstöðumanns á Siglingastofnun.

- c. Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 7.02.2013

Fundargerðin var til kynningar .

- d. Stjórnar SSNV, 29.01.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- e. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, 16.01.2013

Fundargerðin var til kynningar.



f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25.01.2013
Fundargerðin var til kynningar.

g. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 18.01.2013
Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Sveitarstjóri lagði fram samantekt um kostnað við snjómokstur. Á árinu 2012 var bókaður kostnaður 6.669 þús. en áætlun gerði ráð fyrir 3.300 þús. Í janúar 2013 er áfallinn kostnaður vegna sjómoksturs orðinn 516 þús.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11¹⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson